

Efni: Tilboð um leigu með kauprétti á bílastæðahúsi við Eyraveg.

Sigtún þróunarfélag ehf. fagnar áhuga Sv. Árborg um uppbyggingu á bílastæðahúsi í miðbænum. Líkt og fram kom á fundi bæjarráðs þann 4. mars sl. stendur sveitarfélagið sjálft í framkvæmdum s.s. nýjum bæjargarði og menningarsal – verkefni sem kalla á aukna bílastæðapörf auk þess sem umferð um miðbæjarsvæðið hefur vaxið undanfarin ár. Auk þess má nefna að fá bílastæði eru við eignir sveitarfélagsins í miðbænum s.s. ráðhúsið, bókasafnið og pakkhúsið.

Frá því að deiliskipulag miðbæjarins var samþykkt haustið 2018 hefur Sig­tún þróunarfélag ráðist í frekari uppkaup á eignum og lóðum við Eyraveg. Kaupin sameina bílastæðasvæðin og skila sér í betra umferðarflæði en Sig­tún þróunarfélag hyggst hafa bílastæði á einni hæð og uppfylla um leið bílastæðakröfur skipulagsins. Bílastæðahús á tveimur hæðum fjöl­gar bílastæðum um 120 stæði og nýtir betur land á miðbæjarsvæðinu.

Sigtún þróunarfélag gerir Sveitarfélaginu Árborg eftirfarandi tilboð um leigu á bílastæðahúsi með kauprétti:

- Hið leigða er 229 bílastæði í bílastæðahúsi á baklóðum við Eyraveg 3, 5 og 5a (sjá deiliskipulag sem er í auglýsingaferli).
- Leigusamningur er til 10 ára. Leigufjárhæð er 3.450.000 krónur á mánuði auk 10% veltutenging ef gjaldtaka verður á bílastæðum. Opinber gjöld sem Sveitarfélagið Árborg leggur á bílastæðahúsið, s.s. fasteignagjöld, bætast ofan á leiguverðið.
- Leigutaki hefur kauprétt á bílastæðahúsinu í janúar hvert ár. Fyrsta kaupréttartímabil er frá 1. janúar 2022 til 31. janúar 2022. Stofnverð eignarinnar / kaupverð er 350.000.000 krónur fyrir árið 2022 en lækkar um 5% á ári eftir það. Stofnverð / Kaupverð er bundið vísitölu neysluverðs.
- Sveitarfélagið Árborg rekur bílastæðahúsið í sérstöku félagi, Bílastæðasjóður Árborgar. Félaginu er heimil gjaldtaka af bílastæðum. Félagið kaupir og setur upp allan búnað vegna gjalddöku á sinn kostnað.
- Nánari útfærsla yrði gerð í samningi aðila.

Kaupréttur og leigugreiðslur eru bundnar vísitölu neysluverðs. Verði fasteignagjöld eða önnur gjöld frá Sveitarfélaginu Árborg eða félögum þess álögð leggst sami kostnaður ofan á leiguverð.

Íbúðaeigendur í miðbænum eiga 11 stæði. Samtals er bílastæðahúsið 240 stæði.

f.h Sig­tún þróunarfélag ehf

Leó Árnason stjórnarformaður

